



Dalabyggð
Hlynur Torfi Torfason
Miðbraut 11
370 BÚÐARDAL

Garðabær, 13.1.2025
Málsnúmer: 202412-0052
MH

Efni: Ljárskógar, deiliskipulag fyrir frístundabyggð

Vísað er til erindis Dalabyggðar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 19. desember 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í landi Ljárskóga (L137576).

Náttúrufræðistofnun telur jákvætt að fram hafi farið úttekt á vistgerðum og fuglum á deiliskipulagssvæðinu. Stofnunin styður tillögur úttektaraðila um uppgræðslu á rofsvæðum með notkun íslenskra plantna og staðbundins gróðursvarðar og leggur áherslu á að hönnun svæðisins, byggingarreitir, veglagning og aðrar framkvæmdir verði afmarkaðar í samræmi við niðurstöður vettvangsrannsóknar. Að auki er mikilvægt að mæla fyrir um skilyrði í samræmi við ábendingar sem fram komu eftir vettvangsathugunina, um verndun vistgerða, votlendis og fuglalífs.

Náttúrufræðistofnun áréttar það sem fram hefur komið í fyrri umsögnum, dags. 15. janúar 2024 og 2. ágúst 2024, þar sem bent er á að í vinnslu sé endurskoðun á stjórnunar og verndaráætlun Breiðafjarðar. Best hefði verið að bíða með skipulagsbreytingar þar til áætlunin liggur fyrir en í öllu falli væri rétt að nefna að skipulagið taki mögulega breytingum í samræmi við endurskoðaða stjórnunar- og verndaráætlun Breiðafjarðar ef tilefni er til.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur